

Sveitarstjórn Dalabyggðar hvetur Fræðslunefnd Dalabyggðar til að taka upp þá umræðu hvað börnunum okkar er fyrir bestu hvað íþróttastarf í grunnskóla varðar í nútíð, og skili af sér greinargerð um málið fyrir næsta sveitarstjórnarfund.

Greinargerð málínus til stuðnings:

Sveitarfélagið á aðstöðu inn á Laugum, bæði íþróttahús og sundlaug, en nýtir í dag ekki til kennslustarfa. Undirbúningur nýrra íþróttamannvirkja er á dagskrá sveitarstjórnar en enginn getur sagt til um hvenær slýk mannvirki muni rýsa í Búðardal í náinni framtíð. Mannvirki á Laugum eru til sölu en engin mun geta sagt til um það hvenær þau muni seljast. Ljóst er að stór hópur barna í Auðarskóla er að upplifa það að fá ekki að stunda íþróttir í löggildum íþróttasal og sú sundlaug sem stendur við Dalabúð er varla boðleg fyrir eldri nemendur. Hvorki börn skólans né foreldrar barna í Dalabyggð hafa verið spurð hver vilji þeirra er með að nýta aðstöðu inn á Laugum þar til önnur aðstaða fæst.